

Sundhöll Reykjavíkur

Hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og útisundlaug

Keppnislýsing



Umhverfis- og skipulagssvið
Íþrótt- og tómstundasvið
Borgartúni 12-14

Samstarfsaðili: Arkitektafélag Íslands

Júní 2013



EFNISYFILIT

1	KYNNING	4
1.1	Útbjóðandi	4
1.2	Aðdragandi	4
1.3	Markmið	4
1.4	Sjónarmið dómnefndar	5
1.5	Tegund og tillögun samkeppni	5
1.6	Verðlaun	6
1.7	Tungumál	6
2	LÝSING VERKEFNIS	7
2.1	Almenn atriði	7
2.2	Áherslur og sýn í starfi Sundhallarinnar	7
2.3	Vistvæn hönnun	7
2.4	Sundhöllin og næsta umhverfi, keppnissvæðið	8
2.5	Lóðin – Deiliskipulag, keppnissvæðið	8
2.6	Húsrymisáætlun – stærðarkröfur	9
2.6.1	Almennt	9
2.6.2	Aðgengismál	9
2.6.3	Aðkoma, afgreiðsla og veitingar	9
2.6.4	Munageymsla	9
2.6.5	Aðstaða fyrir starfsfólk og snyrtingar	9
2.6.6	Bað- og búningsaðstaða	9
2.6.7	Bað- og búningsaðstaða úti	10
2.6.8	Aðstaða fyrir fatlaða	10
2.6.9	Sundlaug	10
2.6.10	Eimbað	10
2.6.11	Heitir pottar	10
2.6.12	Vatnsrennibraut	10
2.6.13	Varðturn	10
2.6.14	Sjúkraherbergi	10
2.6.15	Laugarsvæði	10
2.6.16	Stjórnun - almennt	11
2.6.17	Geymslur	11
2.6.18	Tæknirými	11
2.6.19	Stærðir	11
3	TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR	13
3.1	Þátttökuréttur	13
3.2	Afhending keppnisgagna - þátttökugjald	13
3.3	Keppnisgögn	13
3.4	Keppnistillögur	13
3.5	Fyrirspurnir	14
3.6	Skilafrestur, merking og afhending tillagna	14
3.7	Dómnefnd og ritari dómnefndar	15
3.8	Trúnaðarmaður	15
3.9	Úrslit	15
3.10	Sýning og rýnifundur	15
3.11	Varðveisla keppnistillagna	16
3.12	Hagnýting keppnistillagna	16
3.13	Samþykki keppnislýsingar	16

1 KYNNING

1.1 ÚTBJÓÐANDI

Umhverfis- og skipulagssvið og Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar efna til opinnar samkeppni um viðbyggingu og útilaugasvæði við Sundhöllina í Reykjavík, samkvæmt keppnislýsingu þessari og gildandi samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

1.2 AÐDRAGANDI

Þann 22. desember 2011 samþykkti borgarráð að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að fara yfir hugmyndir um endurbætur og stækkun Sundhallarinnar við Barónsstíg. Þann 24. maí 2012 skilaði starfshópurinn ítarlegri skýrslu og í framhaldinu ákvað borgarráð að efna til hugmyndasamkeppni um viðbyggingu, útilaug og tilheyrandi aðstöðu.

Eftir skoðun á möguleikum á endurbótum og hugsanlegri stækkun Sundhallarinnar taldi hópurinn einkum að fjórar tillögur kæmu til álita og var ein af þeim valin til nánari útfærslu:

Byggð verði útisundlaug, 25 x 12,5 metrar að stærð á lóðinni sunnan við Sundhöllina. Auk þess verði gert ráð fyrir nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn, eimbaði og annarri aðstöðu. Einnig yrði með viðbyggingu bætt úr aðgengismálum. Væntanlega yrðu byggðir nýir búningsklefar en þó gert ráð fyrir að gömlu búningsklefarnir yrðu notaðir óbreyttir áfram, enda friðaðir. Einnig að lágmarks breytingar yrðu gerðar á hinu friðaða húsi til að bæta aðgengi að innilaug. Gera ráð fyrir aðstöðu í rýminu fyrir heilsutengda starfsemi (spa) af einhverju tagi. Áætlað má að viðbygging þyrfti að vera um 1000 fermetrar.

Á fundi borgarráðs. 19. jan. 2012, var skipaður starfshópur um framtíðarsýn vegna sundlauganna í Reykjavík. Í byrjun árs 2013 skilaði starfshópurinn skýrslu, „LAUGARNAR Í REYKJAVÍK Framtíðarsýn til 20 ára“. Starfshópurinn fékk m.a. skýrslu Sundhallarhópsins til umsagnar og þótti rétt að mæla með ofangreindri tillögu.

Í skýrslu starfshópsins er einnig rætt um að sérstaða Sundhallarinnar yrði í auknum mæli alhliða heilsulind með áherslu á slökun. Einnig beri að athuga með aðra þjónustu svo sem nudd, líkamsrækt, sjúkraþjálfun, ilmólumeðferð, snyrtingu, veitingasölu og fl.

Aðlahlutverk laugarinnar yrði eftir sem áður að þjóna sem almennings- og kennslulaug.

Ennfremur að gera þyrfti endurbætur á núverandi húsnæði og einnig að huga sérstaklega að ferlimálum fatlaðra. Núverandi búningsklefar kvenna eru þannig staðsettir að aðgengi að þeim er ekki gott fyrir fatlaða og hreyfihamlaða.

1.3 MARKMIÐ

Markmið Reykjavíkurborgar með þessari samkeppni er að fá fram vandaðar tillögur að viðbótum við Sundhöll Reykjavíkur sem þegar hefur þjónað íbúum og gestum Reykjavíkurborgar vel í ríflega 76 ár.

Sérstök áhersla er lögð á að byggingarlist hússins innan sem utan verði gert hátt undir höfði og að fullt tillit verði tekið til hennar við hönnun á viðbyggingu og við endurbætur Sundhallarinnar.

Helstu möguleikar á endurbótum og stækkun Sundhallarinnar er taldir vera að byggð verði 25 metra löng og allt að 12,5 metra breið útisundlaug, þ.e. með 4 til 5 brautum. Auk þess yrði gert ráð fyrir nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn, nýju eimbaði og annarri aðstöðu sem þarf til að gera Sundhöllina að alhliða heilsurækt fyrir almenning.

Miðað er við að byggja nýja búningasklefa kvenna og bæta við búningasklefa karla, en gert er ráð fyrir að gömlu búningasklefarnir verði notaðir áfram, enda eru þeir friðaðir. Einnig er gert ráð fyrir að gera þurfi lágmarksbreytingar á hinu friðaða innra byrði hússins til að tenging og samnýting eldri og fyrirhugaðrar viðbyggingar verði með sem bestu móti.

Áætlað er að viðbyggingin verði um 1.100 m² (sjá húsrýmisáætlun), en í þeirri stærð felast ný aðkoma, afgreiðsla, aðstaða fyrir starfsfólk, tæknirými, og snyrtingar auk bað- og búningaástöðu. Áætluð rýmisþörf er metin út frá öðrum sundlaugum og aðstöðu við þær.

1.4 SJÓNARMÍÐ DÓMNEFNDAR

Dómnefnd mun meta tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd mun leggja höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

- Heildarlausn rýri ekki á nokkurn hátt varðveislugildi Sundhallarinnar.
- Tillagan skili vandaðri og góðri byggingarlist.
- Samspil eldra húss og viðbyggingar, bæði hvað varðar fyrirkomulag og yfirbragð.
- Snjallar lausnir með vel ígrunduðum innbyrðis tengslum.
- Hagkvæma byggingu sem uppfyllir kröfur forsagnar um stærðir rýma og innra fyrirkomulags án þess að um áberandi kostnaðarsamar lausnir sé að ræða.
- Lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til byggingarkostnaðar, endingar, rekstrarkostnaðar, umhverfis og vistfræðipátta.
- Aðgengis-, umferðar- og öryggismál.
- Fyrirkomulag á lóð og aðlögun að umhverfinu.

Taka ber fram að dómnefndin telur að gott samspil nýrrar viðbyggingar við söguleg og varðveisluverð hús er mögulegt að ná fram með ólíkum hætti, þannig að hið nýja styrki hið gamla og öfugt.

1.5 TEGUND OG TILLHÖGUN SAMKEPPNI

Samkeppnin er framkvæmdasamkeppni. Útbjóðandi stefnir að því að handhafar fyrstu verðlauna verði fengnir til að útfæra verkið nánar.

Samkeppnin er opin öllum þeim, sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar sbr. gr. 3.1

1.6 VERÐLAUN

Heildarfjárhæð verðlauna verður allt að kr. 6.600.000, án VSK. Veitt verða þrenn verðlaun, 1., 2. og 3. verðlaun og verða 1. verðlaun eigi lægri en kr. 3.300.000. Auk þess er dómnefnd heimilt að kaupa tillögur fyrir allt að kr. 1.000.000 án VSK.

1.7 TUNGUMÁL

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska. Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.

2 LÝSING VERKEFNIS

2.1 ALMENN ATRÍÐI

Sundhöllin er til húsa að Barónsstíg 45a – á horni Barónsstígs og Bergþórugötu, 101 Reykjavík. Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins hannaði Sundhöllina og var hún byggð á árunum 1929 – 1937. Sundhöllin er í fúnkisstíl með nýklassískum áhrifum.

Árið 2002 var unnin húsakönnun af reitnum, en þar er tekið fram að Sundhöllin hafi mikið menningarsögulegt gildi, enda sé hún fyrsta nútímasundlaug á Íslandi og ein sú fullkomnasta á Norðurlöndum á sínum tíma. Jafnframt kemur fram að Sundhöllin sé lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Sundhöllin var friðuð af menntamálaráðherra 20. des. 2004 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. „Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa“

Með nýrri viðbyggingu þarf að taka fullt tillit til varðveislugildis Sundhallarinnar.

Sundhöllin þjónar íbúum Miðborgar og Hlíða, öðrum borgarbúum sem og ferðamönnum bæði innlendum sem erlendum. Í samtölum við íbúasamtök og hverfisráð hefur komið fram eindreginn vilji til að á lóð Sundhallarinnar verði byggð útisundlaug með leiksvæði fyrir börn. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að treysta Sundhöllina í sessi sem hverfislaug þar sem fólk getur synt, slappað af, spjallað og fjölskyldur leikið og átt notalega stund saman. Ekki kom fram mikill áhugi íbúasamtakanna eða í spurningakönnun að byggð yrði líkamsræktarstöð, en margir minntust á heilsutengda þjónustu.

Sundhöllin hefur ekki verið markaðsett sérstaklega sem ferðamannasundlaug, en fjöldi ferðamann leggur leið sína þangað enda mörg hótél og gistiheimili í nágrenninu.

Breytingar á Sundhöllinni með nýja útlilaug, útivistarsvæði og heilsutengda þjónustu yrði mikilvæg viðbót við það sem Sundhöllin hefur nú upp á að bjóða, í byggingu með einstakri byggingalist.

Bygging útisundlaugar við Sundhöll Reykjavíkur mun styrkja íbúahverfið til muna og bæta aðstöðu íbúanna til útivistar, frístunda- og íþróttaiðkunar í miðborginni, sem og aðstöðu fyrir sundkennslu grunnskóla Reykjavíkur.

2.2 ÁHERSLUR OG SÝN Í STARFI SUNDHALLARINNAR

Sundhöllin er ein af sjö almennings sundlaugum borgarinnar, sem reknar eru af Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur. Í þjónustu sundlauga birtist mjög vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti og þau náttúrugaði sem fólgin eru í heitu vatni og nýtingu jarðvarma.

2.3 VISTVÆN HÖNNUN

Mikilvægt er að nýjar laugar verði hannaðar með tilliti til umhverfisvænna lausna og

viðmiða og úrbætur eldri laugar taki einnig mið af því. Meðal þess sem þarf að skoða eru almenningssamgöngur við laugarnar og aðgengi gangandi og hjólandi gesta. Vatnsgæði og orkunotkun skipta máli í þessu samhengi m.a. sýrustig vatns og klórnotkun. Við undirbúning, hönnun á viðbyggingu og breytingar á húsnæði Sundhallarinnar verður horft á erlenda umhverfis- og hönnunarstaðla auk sér íslenskra aðstæðna og reglugerða. Byggingin verður aðlöguð að þessari vistvænu hönnun eftir því sem aðstæður leyfa.

Horft verður til eftirfarandi þátta.

- **Lóð og umhverfismál hennar.**
Hér er m.a. átt við staðsetningu lóðarinnar og tengsl hennar við náttúru, umferða- og bílastæðamál, almenningssamgöngur og göngutengingar auk meðferðar á yfirborðsvatni og áhrif á vatnabúskap svæðisins.
- **Orku – vatnsnotkun.**
Hér er m.a. átt við nýtingu vistvænnar orku (jarðvarmaveita), háværkun á orkunýtingu byggingarinnar auk bættrar nýtingar á notkun kalds vatns.
- **Notkun vistvænna – og endurnýtanlegra efna.**
Hér er m.a. átt við flokkun á endurnýtanlegum efnum við sorphirðu og förgun, stjórnun á efnisúrgangi við byggingu húss og lóðar, nýtingu innlendra byggingarefna, umhverfissvottaðra byggingarefna og endurnýtanlegra byggingarefna.
- **Frárennismál og stýring þeirra.**
Hér er m.a. átt við hönnun á frárenniskerfum og hvert frárennilið fer með tilliti til hugsanlegrar mengunar.
- **Umhverfsgæði innanhúss, s.s. dagsbirta, loftræsting og fl.**
Hér er m.a. átt við, háværkun dagsbirta, útsýni, vistvæn loftgæði innanhúss, náttúrulega loftræstingu eftir því sem unnt er, notkun óskaðlegra byggingarefna og vistvænna hreinsiefna við þrif og viðhald sundlaugarinnar.
- **Framsækni við þróun nýrra leiða við vistvæna hönnun og byggingaraðferðir.**
Hér er m.a. átt við nýsköpun við hönnun og byggingu húss og lóðar í tengslum við vistvæna hönnun.

2.4 SUNDHÖLLIN OG NÆSTA UMHVERFI, KEPPNISSVÆÐIÐ

Núverandi lóð Sundhallarinnar er 1.922 m² samkvæmt fasteignamati ríkisins. Aðkoma að lóðinni er frá Barónsstíg. Að öðru leyti er keppnissvæðið skilgreint í samkeppnisgögnum.

Nauðsynlegt er að byggingin og eldri hluti hússins myndi góða heild með góðri tengingu á milli úti og innryma og stuðli að því að lóð nýtist sem best, bæti skjól og hvetji til fjölbreytilegrar notkunar útisvæða.

2.5 LÓÐIN –DEILISKIPULAG, KEPPNISSVÆÐIÐ

Landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 er miðsvæði.

Deiliskipulag Heilsuverndarreits var samþykkt 11.4.2003. Til að koma fyrir því byggingarmagni sem gert er ráð fyrir í þessari samkeppni þarf að breyta gildandi deiliskipulagi.

Háspennu- og lágspennustrengir, ljósleiðari og fráveitulögn sem liggja um suðausturhluta lóðarinnar verða færðir út fyrir keppnissvæðið.

Með byggingu nýrrar aðstöðu utandyra í samræmi við gildandi skipulag þarf að girða svæðið af, bæði til að skapa skjól og hindra að óvelkomnir gestir komist inn eftir lokun.

2.6 HÚSRÝMISÁÆTLUN – STÆRÐARKRÖFUR

2.6.1 Almenn

Við mat á rýmisþörf sameiginlegrar aðstöðu úti- og innilaugar hefur verið litið til annarra sundlauga í Reykjavík. Um nánari útlistun á rýmisþörf, sjá húsrýmisáætlun.

2.6.2 Aðgengismál

Núverandi búningsklefar kvenna eru þannig staðsettir að aðgengi að þeim er ekki gott fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Með viðbyggingunni skal bæta þannig úr aðgengismálum í Sundhöllinni og á lóð hennar, að hún verði aðgengileg öllum.

2.6.3 Aðkoma, afgreiðsla og veitingar

Aðalaðkoma verður frá Barónsstíg. Tengd henni verða afgreiðsla, móttaka og veitingaaðstaða fyrir léttar veitingar og biðsvæði. Frá afgreiðslu þarf að vera góð tenging við aðra hluta mannvirkisins.

2.6.4 Munageymsla

Munageymsla er staðsett við móttöku og hentugast að um sé að ræða lítil sérhólf, sem hægt er að læsa.

2.6.5 Aðstaða fyrir starfsfólk og snyrtingar

Koma skal fyrir í viðbyggingu aðstöðu fyrir starfsfólk, snyrtingar o.fl. eins og fram kemur í húsrýmisáætlun.

2.6.6 Bað- og búningsaðstaða

Þar sem núverandi búningsaðstaða kvenna er þannig staðsett í kjallara, að aðgengi að henni er ekki gott fyrir hreyfihamlaða, skal staðsetja nýja búningsaðstöðu fyrir konur í fyrirhugaðri viðbyggingu, með góðu aðgengi fyrir alla. Þar verði búningsaðstaða með um 80 skápum og einnig búningsaðstaða fyrir skólasund. Sturtur fyrir laugargesti, þurrksvæði og snyrtingar verði á þessu svæði. Búningsaðstöðu karla rúmar samanlagt um 79 skápa, 27 skiptiklefar og 52 skápar. Gert er ráð fyrir að núverandi bað- og búningsaðstaða, snyrtingar og þurrkrými verði áfram notuð. Í búningsherbergi karla er aðstaða fyrir skólasund. Viðbót við bað- og búningsherbergi karla er í útiklefa.

2.6.7 Bað- og búningsaðstaða úti

Gert er ráð fyrir að koma fyrir útiklefum, bað- og búningsaðstöðu fyrir bæði kynin. Þar verði búningsaðstaða með snögum fyrir 20 manns og einnig sturtur, þurrksvæði og snyrtingar.

2.6.8 Aðstaða fyrir fatlaða

Um 10 m² rými með snyrtingu, sturtu, bekk og skápum fyrir fatlaða þarf að vera í góðum tengslum við búningsherbergi og laugarsvæði. Í þessari aðstöðu er hægt að aðstoða fatlaða einstaklinginn og þarf þess vegna að vera aðgengilegt utan annarra búningsherbergja.

2.6.9 Sundlaug

Sundlaug verði tvískipt, útisundlaug, 25 metrar á lengd og allt að 12,5 metrar á breidd, þ.e. 4 eða 5 brautir, sem má tengjast leikja og íverulaug barna (um 25 m²). Dýpt laugarkers skal vera 0,9 til 2 metrar. Laugarker skal búið yfirfallsbökkum.

Auk þess yrði gert ráð fyrir nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn og annarri aðstöðu (sjá húsrýmisáætlun).

2.6.10 Eimbað

Eimbað verður á útisvæði laugarinnar, en núverandi eimbað fjarlægt. Það samanstendur af eimbaði með bekkjum og björtu forrými með lausum sætum og bekkjum. Sturta þarf að vera í góðum tengslum við inngang.

2.6.11 Heitir pottar

Koma þarf fyrir tveimur heitum pottum á útsvæði laugarinnar og annar þeirra skal vera nuddpottur (sjá húsrýmisáætlun). Gömlu pottarnir halda sér.

2.6.12 Vatnsrennibraut

Koma skal fyrir vatnsrennibraut um 3,5m á hæð.

2.6.13 Varðturn

Koma þarf fyrir varðturni þar sem er góð yfirsýn yfir útilaugarsvæðið.

2.6.14 Sjúkraherbergi

Rými fyrir sjúkraherbergi þarf að koma fyrir í tengslum við sundlaugina og með góðu aðgengi að aðalaðkomu.

2.6.15 Laugarsvæði

Gert er ráð fyrir að laugarsvæðið verði upphitað og með mjúku yfirborðsefni.

2.6.16 Stjórnun - almennt

Gera þarf ráð fyrir rýmum fyrir skrifstofu, fundi, kaffistofu, aðstöðu starfsfólks með læstum skápum fyrir 20 starfsmenn, snyrtingum og fatahengi. Gera þarf ráð fyrir aðstöðu sundkennara.

2.6.17 Geymslur

Geymslum þarf að koma fyrir eins og fram kemur í húsrýmisáætlun. Í sorpgeymslu þarf rými undir flokkunarker þar sem unnið er eftir Grænum skrefum Reykjavíkurborgar í Sundhöllinni. Staðsetning sorpgeymslu þarf að taka mið af aðgengi bæði fyrir starfsmenn og sorphirðubíla.

2.6.18 Tæknirými

Tæknibúnaði fyrir laug verði komið fyrir í kjallara umhverfis laugina. Þar eru innntök, vatnshreinsun og lagnir, loftræsing, rafkerfi, klórframleiðsla og stjórnstöð.

2.6.19 Stærðir

Sundhöllin, viðbygging og útisundlaug			
	Áætlað		
Inngangssvæði			
Afgreiðsla /móttaka	1	60	60
Snyrtingar	1	30	30
Munageymsla og skógeymsla	2	10	20
Inngangssvæði samtals:			110
Stjórnun			
Skrifstofa, tvær vinnustöðvar	1	25	25
Kaffistofa	1	30	30
Búningsherbergi karla	1	20	20
Búningsherbergi kvenna	1	20	20
Snyrtingar	1	15	15
Stjórnun samtals:			110
Búningsherbergi kvenna			
Búningsaðstaða, 80 skápar	1	90	90
Þurrksvæði	1	20	20
Sturtur	1	15	15
Snyrtingar	1	15	15
Búningsherbergi kvenna samtals:			140
Aðstaða fyrir fatlaða, karlar			
Aðstaða fyrir fatlaða	2	10	20
Aðstaða fyrir fatlaða, karlar samtals:			20
Útiklefar, kvenna og karla			
Búningsaðstaða, 20 snagar	2	25	50

Purrksvæði	2	5	10
Sturtur	2	5	10
Snyrtingar	2	5	10
Útiklefar, kvenna og karla samtals:			80
Rými í tengslum við laug			
Kennari	1	10	10
Sjúkraherbergi	1	15	15
Geymslur	1	30	30
Aðstaða laugavarða	1	10	10
Þvottaherbergi	1	10	10
Ræsting	1	30	30
Varðturn	1	15	15
Rými í tengslum við laug samtals:			120
			580
Tæknirými			
Inntök			
Vatnshreinsun/lagnir			
Loftræsing			
Rafkerfi			
Geymsla			
Stjórnstöð	1	200	200
Tæknirými samtals:			200
samtals nettó:			780
Veggir, umferðarými		200	200
Útisundlaug, alls:			980

Laug, stærðir eru til viðmiðunar

25x10 -12,5 m laug, 4-5 brauta		allt að 313	vatnsfermetrar
Lendingarlaug	1	allt að 25	vatnsfermetrar
Nuddpottur	1	allt að 22	vatnsfermetrar
Heitur pottur	1	allt að 12	vatnsfermetrar
Barnavaðlaug	1	allt að 35	vatnsfermetrar
Rennibraut	1	allt að 3,5m	hæð brautar
Eimbað/hvíld	1	22	

3 TÆKNILEG TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR

3.1 ÞÁTTÖKURÉTTUR

Rétt til þátttöku hafa félagar í Arkitektafélagi Íslands og aðrir þeir, sem hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd.

Þeir þátttakendur sem ekki hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu tryggja sér löggiltan samstarfsaðila.

Auk dómara og ritara dómnefndar, er þátttaka óheimil þeim, sem rekur teiknistofu með dómara, vinnur að verkefnum með honum eða er honum nátengdur. Vafatilfelli skal bera undir stjórn AÍ/samkeppnisnefnd AÍ.

3.2 AFHENDING KEPPNISGAGNA

Keppnislýsing verður látin í té endurgjaldslaust frá og með mánudeginum **24. júní 2013** og er hægt að nálgast hana á vef Reykjavíkurborgar og heimasíðu Arkitektafélags Íslands.

www.hugmyndasamkeppni.is

www.ai.is

Á þessum heimasíðum verður einnig hægt að ná í keppnisgögn ogð skrá sig til þátttöku.

3.3 KEPPNISGÖGN

1. Keppnislýsing þessi.
2. Aðalskipulag - deiliskipulag ásamt gildandi skilmálum.
3. Afstöðumynd keppnissvæðis í mkv. 1:500.
4. Aðrir uppdrættir , útlitsmyndir, sneiðingar og grunnmyndir í mkv: 1:100.
5. Loftmynd í mkv.: 1:200.
6. Ljósmyndir frá samkeppnissvæðinu.
7. Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d95ce3d0-05db-4dab-aada-c00b50fd64ed>

3.4 KEPPNISTILLÖGUR

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð að hámarki 1000 orð, þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu stærðum, uppbyggingu og efnisnotkun. Greinargerðin skal koma fram á tillöguuppdráttunum, en henni skal einnig skila í 6 eintökum í arkastærðinni A4. Heimilt er að birta smækkuð afrit uppdráttu í greinargerð.
2. Afstöðumynd, með norður upp, í mkv. 1:500.

3. Grunnmyndir allra hæða í mkv. 1:200, sem sýna helstu stærðir, fastar innréttingar o.s.frv.
4. Skurðmyndir í mkv. 1:200, sem sýna tengingu húsanna og hæðir.
5. Útlitsmyndir í mkv. 1:200.
6. Skila má fjarvíddar- og rúmteikningum sem sýna mannvirkið í umhverfi sínu og innanfrá.

Teikningar skulu vera í stærð A1 (59,4x84,1 cm) á ógegnsæjum pappír eða upplímdar á pappa/frauðplast. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt. Tillöguarkir, þar með taldar arkir með greinargerð, skulu ekki vera fleiri en 2. Lega þeirra skal vera lárétt og gera skal ráð fyrir því að þær liggja hvor upp af annarri og skal gerð grein fyrir upphengingu í hægra horni að neðan.

3.5 FYRIRSPURNIR

Fyrirspurnir skal senda í tölvupósti til trúnaðarmanns. Hann mun leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður sendir síðan öllum skráðum keppendum, allar fyrirspurnir, ásamt svörum dómnefndar til þess netfangs, sem gefið var upp þegar keppnisgögn voru sótt. Fyrirspurnarfrestir eru tveir.

Í fyrra fresti skal skila fyrirspurnum **föstudaginn 19. júlí 2013, kl. 24:00** og í síðara fresti skal skila fyrirspurnum **þriðjudaginn 27. ágúst 2013, kl. 24:00**.

Stefnt er að því að svör við fyrirspurnum muni liggja fyrir innan sjö daga í hvort skiptið.

3.6 SKILAFRESTUR, MERKING OG AFHENDING TILLAGNA

1. **Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands** að Engjateig 9, 2.hæð 105 Reykjavík eigi síðar en **þriðjudaginn 17. september 2013, kl. 17:00** að íslenskum tíma. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli 15:00-17:00, en þeir sem óska að skila tillögum fyrir þennan tíma, skulu hafa samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merktá auðkennistölu tillögunnar.
2. Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns. Auk framanskraðs skal keppandi tilkynna trúnaðarmanni innan sólarhrings að tillaga hafi verið send. Í tilkynningunni skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en fimm dögum eftir að skilafresti lýkur. Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang trúnaðarmanns, sjá lið 3.8 hér að aftan. Kvittun fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.
3. Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og “nafnmiði”, skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, netfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna. Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða. Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka.
4. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

3.7 DÓMNEFND OG RITARI DÓMNEFNAR

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Tilnefndir af (útbjóðanda) Reykjavíkurborg:

Nikulás Úlfar Másson, skrifstofustjóri, USK, formaður dómnefndar

Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður, ÍTR

Guðrún Arna Gylfadóttir, forstöðumaður, ÍTR

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Guðmundur Kr. Guðmundsson, arkitekt FAÍ

Birgir Teitsson, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar er:

Einar H Jónsson, tæknifræðingur FTFÍ, USK

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til eftirtalda ráðgjafa:

Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR

Steinþór Einarsson skrifstofustjóri ÍTR

Þorkell Jónsson, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg

Rúnar Gunnarsson, deildastjóri frumathugana mannvirkja, Reykjavíkurborg

Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Reykjavíkurborg

Margrét Þormar arkitekt, verkefnastjóri skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Fulltrúa Minjastofnunar Íslands

3.8 TRÚNAÐARMADUR

Trúnaðarmaður, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands:

Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

Hvassaleiti 74, 103 Reykjavík

Sími: 568-2707, GSM 897-6874

netfang: harh@mail.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

3.9 ÚRSLIT

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir, **föstudaginn 18. október 2013**.

Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður öllum þátttakendum tilkynnt um niðurstöður dómnefndar. Fréttatilkynning um úrslit verður birt í fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Jafnframt verður þess getið ef um innkeyptar eða athyglisverðar tillögur er að ræða.

Dómnefnd mun leggja áherslu á að gefa út heildarumsögn um keppnina.

3.10 SÝNING OG RÝNIFUNDUR

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppninnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir

höfundarnafni.

Útbjóðandi gefur út prentað dómnefndarálit.

Í kjölfar kynningar á niðurstöðum samkeppninnar og opnun sýningar á tillögum verður haldinn opinn rýnifundur þar sem dómnefnd fer yfir dóm sinn. Þátttakendur verða sérstaklega boðaðir á þann fund sem haldinn verður á vegum Arkitektafélags Íslands.

3.11 VARÐVEISLA KEPPNISTILLAGNA

Hönnunarsafn Íslands mun fá allar samkeppnistillögur afhentar til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

3.12 HAGNÝTING KEPPNISTILLAGNA

Höfundur fyrstu verðlauna verður ráðinn hönnuður vegna verkefnisins, ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

Ef ekki næst samkomulag milli útbjóðanda og fyrstu verðlaunahafa, skal dómnefnd fjalla um málið og skila sérstöku álitum þar að lútandi.

Falli útbjóðandi frá frekari áformum um að framkvæma skv. 1.verðlaunatillögunni, eða óski útbjóðandi að ráða annan hönnuð til verksins en dómnefnd hefur mælt með, skal greiða 1. verðlaunahafa bætur vegna verkefnissmissis, sem nemur 100% af upphæð 1. verðlauna, eða allt að kr. 2.750.000.

Útbjóðandi eignast verðlaunaðar og innkeyptar tillögur og allan rétt til að nýta þær með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja.

Að samkeppni lokinni gefur útbjóðandi út í sérriti, verðlaunaðar, innkeyptar og athygliverðar tillögur. Þar verður höfunda getið, ásamt dómnefndarálitum um allar tillögur sem bárust í keppninni.

Útbjóðandi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.

3.13 SAMÞYKKI KEPPNISLÝSINGAR

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum AÍ er grundvöllur keppninnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppninnar, dómnefndarmönnum og stjórn Arkitektafélags Íslands.

Reykjavík 18.06.2013


Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Nikulás Úlfar Másson

Skrifstofustjóri skrifstofu skipulags, bygginga og byggðapróunar.

Fyrir hönd Arkitektafélags Íslands

Sigríður Ólafsdóttir
formaður AÍ.



Nikulás Úlfar Másson



Guðrún Arna Gylfadóttir



Sólveig Valgeirsdóttir



Guðmundur Kr. Guðmundsson



Birgir Teitsson